Umhverfisstofnun
Áb. SF
29 SEPT. 2004
54.21
Tilv. UST200408000065

UST
Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun
Matthildur Kr. Elmarsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

29. september 2004
Tilvísun: UST20040800065/sf

**Tillaga að breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 18. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun. Breytingin varðar jöfnunargöng, loftunarholur, þrýstijöfnunarstokk, haugsvæði og brú vegna Ufsarveitu.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Í skýringum á skipulagsuppdrætti kemur fram að aðkoma að loftunarholum Jökulsárganga verði með stuttum vegslóðum frá eldri vegslóða sem liggur inn Fljótsdalsheiði skammt frá gangaleiðinni, en sunnan Laugafells þurfi nýjan slóða að tveimur holum. Það er mat Umhverfisstofnunar að leggja beri áherslu á að halda slóðagerð vegna framkvæmdanna í lágmarki og að forðast beri að leggja nýja vegi eins og nokkur kostur er. Stofnunin telur að við borun syðstu loftunarholunnar, þ.e. á grónu svæði neðan við Laugafell, ætti að vera hægt að standa þannig að framkvæmdum að ekki sé þörf á lagningu nýs slóða.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreinda breytingartillögu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun.

Virðingarfyllst,

Sigurrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri

Helgi Jensson
forstöðumaður framkvæmda- og eftirlitssviðs